

SAGA 3CL05

Saga læknisfræðinnar I – frá steinöld til miðalda

Áfanginn er framhaldsáfangi í sögu á þriðja þrepi og getur nýst á kjarna allra brauta.

Undanfarar:

SAGA 2AA05 og annar söguáfangi á öðru þrepi

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn er annar af **tveimur** mögulegum áföngum í sögu læknisfræðinnar.

Hann fjallar um þróun læknisfræðinnar á tímum fornaldar fram á miðaldir. Fjallað verður um læknisfræði og lyfjagerð á steinöld, á tíma Mesópótamíu, Forn-Egypta, Forn-Grikkja og Rómverja. Auk þess verður farið yfir lækningar meðal frumbyggja Norður-Ameríku, San-fólksins í Afríku og frumbyggja Ástralíu. Einnig verður skoðaðar lækningar og sjúkdómar á tímum miðalda, skurðlækningar og algengustu lækningaaðferðir tímans.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Neanderdalsmenn, skordýralækningar, höfuðkúpuboranir, skurðlækningar, Mesópótamíumenn, Forn-Egyptar, múmíur, sjúkdómafræði, Grikkir, Hippókrates, lyfjagerð, Rómverjar, blóðtaka, frumbyggjar N-Ameríku og Ástralíu, galdralækningar, náttúrulækningar, áverkar.

Námsmat:

Netpróf, ýmis verkefni, heimildaðættir og rannsóknarritgerð.
